

Alþingi
Alþingi
Erindi nr. P 139/2510
komudagur 18.5.2011

Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 16. maí 2011
2011040015/42-1-1
TB
tb

Frumvarp til laga um uppbyggingu á Vestfjarðavegi (veglagning út með Þorskafirði um Teigsskóg), 439. mál

Við er til bréfs/tölvupósts frá samgöngunefnd Alþingis, dags. 14. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um uppbyggingu á Vestfjarðavegi (veglagning út með Þorskafirði um Teigsskóg), 439. mál. Beðist er velvirðingar á því hvað dregist hefur að svara erindinu.


Þann 5. júlí 2010 óskaði umhverfisráðuneytið eftir álit Náttúrufræðistofnunar Íslands á óskum landeigenda Grafar og Hallsteinsness í Gufudalssveit í Reykhólahreppi að umhverfisráðherra hlutist til um friðlýsingu Teigsskógar á grundvelli laga um náttúruvernd. Álit Náttúrufræðistofnunar var eftirfarandi (sjá meðfylgjandi bréf dagsett 3. september 2010): *Náttúrufræðistofnun Íslands skal samkvæmt 4. gr. laga nr. 60/1990 leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna. Í ljósi þessa hlutverks mælir Náttúrufræðistofnun eindregið með því að Teigsskógur verði friðlýstur. Mikilvægasta ástæða þessa er fyrst og fremst mikilvægi birkiskógarins í heild sem vistkerfi og undirstaða tegundaafjölbreytni fyrir dýr og plöntur. Teigsskógur er einnig hluti af búsvæði arnarins í þessum landshluta en örninn er enn í útrýmingarhættu. Teigsskógur er einnig með stærstu og heillegustu birkiskógum á Vestfjörðum og er hluti af svo til ósnortinni landslagsheild á þessu svæði. Það dylst engum að fyrirhugaðar vegaf framkvæmdir eftir endilöngum Teigsskógi hefur kallað fram þörf til að vernda skóginn og ráðleggur Náttúrufræðistofnun að reynt verði að finna aðrar leiðir til að leysa brýna þörf fyrir að bæta vegsamgöngur í þessum landshluta.*

Í ljósi framangreindrar niðurstöðu þar sem Náttúrufræðistofnun mælir með því að Teigsskógur verði friðlýstur getur stofnunin ekki mælt með því að frumvarp að lögum sem



gerir ráð fyrir veglagningu um Teigsskóg sé samþykkt. Náttúrufræðistofnun Íslands mælir með svokallaðri hálsaleið.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson
sviðsstjóri stjórnsýslu- og alþjóðamála

Meðf: Bréf til umhverfisráðuneytisins frá Náttúrufræðistofnun dags. 3. september 2010.



Umhverfissráðuneytið
Sigurður Á. Þráinsson
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 03. september 2010
2010080005/41-2
TB/KHS/KE
jgo/tb

Friðlýsing Teigsskógar

Vísað er til tölvupósts frá umhverfissráðuneytinu, dags. 5. júlí sl. þar sem óskað er eftir álitum Náttúrufræðistofnunar Íslands á óskum landeigenda Grafar og Hallsteinsness í Gufudalssveit í Reykhólahreppi að umhverfissráðherra hlutist til um friðlýsingu Teigsskógar á grundvelli laga um náttúruvernd eða þess hluta jarðarinnar sem vaxinn er birkiskógi utan við Grafarbæinn.

Umsögn

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur ekki gert sjálfstæða könnun á Teigsskógi til að meta birkiskóginn og lífríki hans í samburði við aðra skóga landsins. Ása L. Aradóttir gróðurvistfræðingur vann sérfræðialit, 12. nóvember 2006, um eiginleika og sérstöðu skóglendis á utanverðum Þorskafirði (Teigsskógur). Álitid var unnið fyrir Umhverfisstofnun í tengslum við mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðarveggar nr. 60. Helstu niðurstöðu Ásu voru þær að birkiskógurinn við utanverðan Þorskafjörð er með stærstu og heillegustu birkiskógum á Vestfjörðum þó hann skeri sig ekki út hvað varðar stærð trjáa, þéttleika, útbreiðslu reyniviðar eða önnur einkenni trjálagsins í skóginum. Ýmislegt bendir til að ástand skógarins hafi batnað vegna minni beitar. Gróðurfar á svæðinu er afar fjölbreytt og gögn benda til að tegundafjöldi botngróðurs hafi nokkra sérstöðu í landshlutanum. Lítið er vitað um lágplöntur og smádýralíf. Birkiskógurinn við utanverðan Þorskafjörð er eitt af örfáum skóglendum á Vestfjörðum sem nær nánast frá fjöru til fjalls og hefur ekki hefur verið raskað m.a. með vegaf framkvæmdum. Önnur ósnortin skóglendi á Vestfjörðum eru minni að umfangi. Landið frá Hallsteinsnesi inn fjörðinn með skógivöxnu láglandi og hlíðum ásamt fjöru mynda ósnortna landslagsheild.

Starfsmaður Náttúrufræðistofnunar Íslands fór í skoðunarferð um Teigsskóg sumarið 2007 vegna framangreindra vegagerðar. Í ferðinni fannst m.a. ferlaufungur (*Paris quadrifolia*) sem er friðlýstur skv. auglýsingu nr. 184/1978. Ferlaufungur er einnig á valista. Einnig fannst krossgras (*Melampyrum sylvaticum*) en það vex nær eingöngu á Vestfjörðum og talið eitt af einkennistegundum landshlutans. Miklar líkur eru til þess að fleiri tegundir finnist í Teigsskógi sem ekki er vitað um nú, háplöntur, mosar og fléttur og sveppir. Og eins og komið hefur fram vantar að kanna smádýralíf.



Í reit 3543 í reitakerfi Náttúrufræðistofnunar Íslands eru skráðar 181 tegundir háplantna en Teigsskógur er að mestu innan þess reits. Ekki er hægt að segja nákvæmlega hvaða plöntur eru innan þess hluta sem Teigsskógar myndar.

Engin þekkt arnarsetur (varpstaðir) eru í Teigsskógi en ernir sjást þar oft og á nokkrum stöðum eru hefðbundin náttból, sem sum hver hafa verið notuð um aldir. Þekktir varpstaðir eru beggja vegna á hvora hönd við Teigsskóg. Annar þeirra hefur verið stöðugt í ábúð svo lengi sem sagan nær. Hinn hefur verið í eyði í meira en hálföld. Teigsskógssvæðið er því mikilvægur hluti af búsvæði arnarins í þessum landshluta.

Birkiskógar Ísland tilheyra lykilstofnum landsins og hafa mikla þýðingu fyrir líffræðilega fjölbreytni. Í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar: *Stefnumörkun Íslands um framkvæmd samningsins um vernd líffræðilegrar fjölbreytni* kemur fram að vinna skal að áætlun til að endurheimt birkiskóga á Íslandi og í *Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, Áherslur 2010-2013* er lögð áhersla á að forðast eins og kostur er að skerða frekar birkiskóga. Vernd Teigsskógar samræmist því vel þessu markmiði.

Árið 2006 skipaði umhverfisráðherra nefnd sem m.a. var falið það verkefni að koma með tillögur til að efla vernd og endurheimt birkiskóga. Í nefndinni sátu fulltrúar landbúnaðarráðuneytisins, sem komu frá Landbúnaðarháskóla Íslands og Skógrækt ríkisins, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, frá Skógræktarfélagi Íslands og frá umhverfisráðuneytinu og komu fulltrúar þess frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun og ráðuneytinu. Nefndi skilaði álitinu sínu í mars 2007, *Vernd og endurheimt birkiskóga, Skýrsla og tillögur nefndar*. Í fylgiskjali við skýrsluna er listi yfir 9 íslensk skóglendi sem eru talin mikilvæg út frá náttúruverndarsjónarmiðum og ekki var að finna í náttúruverndaráætlun. Nefndin lagði til að þau yrðu sett á náttúruverndaráætlun og þ.a.l. friðlýst. Eitt þessara svæða er Teigsskógur. Í skýrslu nefndarinnar á bls. 15 segir: *Nefndin telur þessa birkiskóga vera lykilsvæði þegar hugað er að vernd stórra samfelldra birkiskógavistkerfa og búsvæða ýmissa plantna og dýra sem þar þrífast í skjóli skóganna jafnframt því að vernda líffræðilega fjölbreytni birkis*. Það er því ljóst að allar helstu fagstofnanir, fulltrúar sveitarfélaga og frjálsra félagasamtaka leggja til að Teigsskógur verði friðlýstur.

Teigsskógur er einnig hluti svæðis á náttúruminjaskrá svæði nr. 303, Norðurströnd Þorskafjarðar og fjörur í Djúpafirði. Lifauðugar fjörur með miklu fuglalífi. Þéttur skógur og gott sýnishorn af landslagi við norðanverðan Breiðafjörð.


Niðurstaða

Náttúrufræðistofnun Íslands skal samkvæmt 4. gr. laga nr. 60/1990 leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna. Í ljósi þessa hlutverks mælir Náttúrufræðistofnun eindregið með því að Teigsskógur verði friðlýstur. Mikilvægasta ástæða þessa er fyrst og fremst mikilvægi birkiskógarins í heild sem vistkerfi og undirstaða tegundafjölbreytni fyrir dýr og plöntur. Teigsskógur er einnig hluti af búsvæði arnarins í þessum landshluta en örninn er enn í útrýmingarhættu. Teigsskógur er einnig með stærstu og heillegustu birkiskógum á Vestfjörðum og er hluti af svo til ósnortinni landslagsheild á þessu svæði. Það dylst engum að fyrirhugaðar vegaframkvæmdir eftir endilöngum Teigsskógi hefur kallað fram þörf til að vernda skóginn og ráðleggur Náttúrufræðistofnun að reynt verði að finna aðrar leiðir til að leysa brýna þörf fyrir að bæta




vegsamgöngur í þessum landshluta.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

